

1. gr. Valnefnd

Með vísan í 25. grein samþykktar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga velur aðalfundur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga tvo einstaklinga úr hópi stofnfjáreigenda í Valnefnd sem leitar framboða til setu í stjórn sparisjóðsins, metur hæfi frambjóðenda og mögulega samsetningu stjórnar. Valnefnd gerir einnig tillögur að starfskjörum stjórnar til aðalfundar. Kjörtímabil Valnefndar er tvö ár og skal aðalfundur kjósa einn einstakling til setu í nefndinni ár hvert, þó tvo fyrsta árið.

Valnefndarmenn skulu vera óháðir viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Jafnframt skulu þeir vera óháðir þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Um óhæði valnefndarmanna fer samkvæmt 2. gr. starfsreglna.

Nú forfallast valnefndarmaður að fullu og öllu og skal þá stjórn sparisjóðsins tilnefna nýjan nefndarmann til næsta aðalfundar eins fljótt og auðið er. Valnefndin hefur starfsaðstöðu hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga á Laugum og skulu öll gögn nefndarinnar vistuð á gagnasvæðum sparisjóðsins.

Valnefndin hittist eins oft og þurfa þykir. Hún skal halda fundargerðir þar sem gerð er grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar.

2. gr. Óhæði

Einstaklingar teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra nokkurra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einstaklingur telst ekki óháður ef hann sinnir reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafastörfum fyrir framangreinda aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá.

3. gr. Vinnulag valnefndar

Valnefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra stofnfjáraðila og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi bæði sem einstaklingar sem og í heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Valnefnd getur bæði óskað eftir framboðum til stjórnar eða leitað eftir einstaklingum að eigin frumkvæði. Kjósi valnefnd að óska eftir framboðum til stjórnar skal auglýsing birt á heimasíðu sparisjóðsins www.spthin.is í a.m.k. einn mánuð í aðdraganda aðalfundar. Einstaklingar sem telja sig uppfylla skilyrði 4. gr. þessara starfsreglna geta gefið kost á sér með því að senda valnefndinni ferliskrár sínar.

Valnefnd skal í síðasta lagi fjórum dögum fyrir aðalfund gera skriflega grein fyrir störfum sínum og rökstyðja tillögur sínar. Skal sú skýrsla aðgengileg stofnfjáreigendum í síðasta lagi tveim dögum fyrir aðalfund.

Nöfn þeirra sem nefndin leitar til eða sent hafa inn upplýsingar um sig verða vistuð hjá valnefndinni. Að uppfylltum hæfisskilyrðum koma þessir einstaklingar til greina sem stjórnarmenn í sparisjóðnum.

Einstaklingur sem gefið hefur kost á sér til setu í stjórn sparisjóðsins getur hvenær sem er farið þess á leit við valnefndina að upplýsingum um hann hjá nefndinni verði eytt.

Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu sparisjóðsins ekki síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

Valnefnd hefur heimild til að leita utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef þörf krefur.

4. gr.

Hæfni- og hæfiskröfur stjórnarmanna í Sparisjóði Suður-Þingeyinga

Við ákvörðun um tilnefningu á stjórnarmanni skal valnefndin við mat sitt á hæfni einstaklinga meðal annars taka mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfshætti fjármálafyrirtækja.

Valnefndin þarf í tilnefningum sínum að huga að samsetningu stjórnar sparisjóðsins sem og hæfni stjórnarmanna. Þannig verði gætt að heildaryfirbragði en um leið reynt að tryggja að stjórnin verði ekki of einsleit.

Einstaklingur sem valnefndin tilnefnir sem stjórnarmann í sparisjóðsins skal uppfylla hæfisskilyrði ákvæðis 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá skal valnefnd hafa til hliðsjónar sjónarmið sem koma fram í ákvæði 54. gr. og 29. gr. a. sömu laga. Skulu einstaklingar tilnefndir af valnefnd einnig uppfylla hæfisskilyrði sem tilgreind eru í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Einnig verða einstaklingar sem valnefndin tilnefnir að uppfylla skilyrði um óhæði eins og það er skilgreint í 2. gr. starfsreglna þessara.

5. gr.

Jafnréttissjónarmið

Valnefndin skal leitast við að tryggja að í framboði til stjórnar sparisjóðsins séu sem næst jafnmargar konur og karlar.

6. gr.

Þagmælska og yfirlýsingar

Nefndarmönnum í valnefndinni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í nefndinni. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í valnefndinni. Skulu nefndarmenn undirrita yfirlýsingu þar að lútandi sem varðveitt er hjá sparisjóðnum.

7. gr.
Önnur atriði

Starfsreglur þessar eru settar af aðalfundi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ákvarðar þóknun til valnefndar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert í samræmi við umfang starfs nefndarinnar.

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf 2/3 atkvæða á aðalfundi.

Þannig samþykkt á aðalfundi þann 3. maí 2021